

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Ragnar Franzson, greiði sekt kr. 80.000,00 í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2ja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk eru til Landhelgissjóðs Íslands öll veiðafæri m.b. Geirs Goða GK 220, og allur afli veiðiferðar bátsins, er lauk 9. apríl 1985.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 2.500,00.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 189/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Benóný Guðjónssyni**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Fiskveiðibrot. Lögvilla.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinum áfrýjaða dómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða 28. júní 1985, en af hálfu ákærvalds er málinu einnig áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 15. október 1985.

Héraðsdómari hefur dæmt þetta mál ásamt tveimur samdómendum samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. greinar laga nr. 74/1974. Ekki er skráð í sakadómsbók, að þeir hafi unnið heit samkvæmt 1. mgr. 12. greinar nefndra laga, svo sem gera átti. Héraðsdómurinn verður þó ekki ómerktur af þeirri ástæðu.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóupprátt staðarákvarðanir varðskipsmanna samkvæmt ratsjár- og lóranmælingum þeirra við hlið v/b Jóns Gunnlaugs, GK 444, kl. 1020. Í

greinargerð skólastjórans, dags 9. desember 1985, segir svo: „Staðir þessir eru merktir í sjókortið © 1020 og © LORAN.

*Niðurstöður þessara athugana eru:*

Kl. 1020 — Staður GK 444 64°01'8 N.brd. og 22°54'9 V.lgd. með miðun og fjarlægð frá Stafnesi. Með lóranathugun er staður 64°01'86 N.brd. og 22°54'61 V.lgd. og er í r.v. 62° fjarl. 0,1 sml. frá stað v/s með miðun og fjarlægð. Staðfestir lóranathugun því staðarákvörðun með miðun og fjarlægð til Stafness og útsetningarpunkt sbr. fylgiskjal 2. Kl. 1020 er m/b JÓN GUNNLAUGS GK 444 því 3,5 sjómílar innan við suðurmörk bannsvæðisins.

Með tilliti til lóranastaðsetningar, sem er alveg óháð staðsetningu varðskipsins með miðun og fjarlægð frá Stafnesi, svo og með tilliti til þess, að ákærði, skipstjóri á JÓNI GUNNLAUGS, viðurkennir að hafa verið á veiðum innan svæðisins, *tel ég staðsetningar varðskipsins við hlið JÓNS GUNNLAUGS innan bannsvæðisins kl. 1020 hinn 9. apríl 1985 óyggjandi og réttar.*“

Fylgiskjal 2, sem til er vísað í álitssgerðinni, er sameiginlegar athugasemdir skólastjórans varðandi staðarákvæðanir v/s Týs við hlið v/b Jóns Gunnlaugs GK 444, og fjögurra annarra togskipa, sem voru að veiðum á sama tíma á sama svæði. Er ekki ástæða til að rekja efni þess, en niðurstaðan staðfestir mælingar varðskipsmanna og að togskipin hafi öll verið á svæði, þar sem togveiðar voru bannaðar.

Samkvæmt mælingum skipstjórnarmanna á v/s Tý, framan-greindri álitssgerð Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar og játningu ákærða telst sannað, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum árdagis 9. apríl 1985 á svæði, þar sem allar togveiðar voru bannaðar frá og með nefndum degi til og með 15. maí 1985. Hefur ákærði með þessu brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæruskjali greinir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 12. desember 1985, jafngilda 100 gullkrónur 2.068,20 seðlacrónum. Samkvæmt skipaskrá er v/b Jón Gunnlaugs GK 444, 27,86 metrar að lengd og 105 rúmlestir brúttó.

Brot ákærða er fært til rétttra refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði 3. greinar reglugerðar nr. 129/1985 bannaði fortakslaust

togveiðar frá og með 9. apríl 1985 á svæði því, þar sem ákærði var að veiðum. Hvorki reglugerðarákvæðið sjálft né fréttatilkynning sjávarútvegsráðuneytisins, svo sem hún birtist í fjölmiðlum eftir því sem upplýst er í málinu, veitti ákærða ástæðu til að ætla, að bannið tæki gildi á öðrum tíma en við upphaf þess dags. Eru ekki skilyrði til að beita 3. tl. 74. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar hans. Verður refsingin ákveðin 130.000,00 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands, og komi 75 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Jóns Gunnlaugs GK 444, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Benóný Guðjónsson, greiði 130.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 75 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Jóns Gunnlaugs GK 444, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Gullbringusýslu 11. apríl 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 11. apríl, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er í dómsalnum, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa og meðdómsmönnum Jóhanni Péturssyni hafn-sögumanni og Ragnari Björnssyni, fyrrv. skipstjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Benóný Guðjónssyni.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæru ríkissaksóknara, dags. sama dag, á hendur „Benóný Guðjóns-syni, Holtsgötu 43, Sandgerði, fæddum 3. maí 1957 í Keflavík, fyrir fisk-veiðibrot, með því að hafa árdegis þriðjudaginn 9. apríl 1985, sem skipstjóri á togskipinu Jóni Gunnlaugs GK 444, skipaskrárnúmer 1204, sem er 105 brúttórúmllestir og 27,86 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu undan Stafnesi, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tímabilinu frá og með 9. apríl til og með 15. maí 1985.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, sbr. 3. gr. reglugerðar um bann við veiðum í mars og apríl og um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa nr. 129, 20. mars 1985, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1948, og lög um breyting á þeim lögum nr. 45, 1974. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þeir samkv. skýrslu Helga Hallvarðssonar, skipherra á varðskipinu TÝ, að 9. þ.m. stóð varðskipið m.b. Jón Gunnlaugs GK 444, að ólöglegum togveiðum inni á svæði norðan við línu, sem er lokað togveiðum og að sunnanverðu afmarkast af línu dreginni réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Nánari atvik voru sem hér segir: „Þriðjudaginn 9. apríl 1985, er varðskipið var í eftirlitsferð úti af Sandgerði, var um kl. 1020 komið að m/b JÓNI GUNNLAUGS GK 444, sem togaði með skutvörpu í sjó. Kl. 1020 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins. Stafnes r/v 128° fj. 5.4 sml. Loran: 64°01'86 N. 22°54'61 V. dýpi 75 m sem gefur stað bátsins um 3.2 sml. inni á lokaða svæðinu.

Vegna athugana á fleiri bátum á svæðinu var ekki haft samband við bátinn fyrr en kl. 1110, og honum þá sagt að hífa inn vörpuna, þar sem hann væri að ólöglegum veiðum og sagt að halda til hafnar þar sem lögð yrði fram kæra á hendur honum.

Mælingarnar voru gerðar af skipherra og yfirstýrimanni á SPERRY MK-16 3 cm. Ratsjá, sem er tengd Sperry gy róáttavita. Lausi fjarl.hringurinn var borinn saman við föstu fjarl.hringina og reyndist réttur, miðunarlína var borin saman við gy róáttavita og reyndist rétt.

Veður: S-4. Sjór: 3. Loft: Skýjað.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 31, þar sem staðir varðskipsins og M/B JÓNS GUNNLAUGS GK-444 eru markaðir.“

Helgi Hallvarðsson skipherra hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi.

Hann kvað varðskipið hafa komið á svæði það, þar sem umræddur bátur var að toga, skömmu áður en hann hafði afskipti af honum. Sagði skipherrann þá varðskipsmenn hafa verið að fylgjast með, að netabátar, er voru á leið út, hæfu ekki veiðar of snemma, þ.e. fyrir kl. 12:00. Hafi hann í fyrstu talið togbátana á svæðinu vera netabáta, þar sem þeir voru kyrrstæðir skv. tölvumælingu. Hann kvað varðskipið hafa verið dýpra á svæðinu um nóttina, eða í 11-12 sjómílna fjarlægð frá bátunum, en lagt af stað til þeirra kl. 8:00, skömmu áður en hann kom upp á stjórnþall.

Halldór Gunnlaugsson, II. stýrimaður á varðskipinu, staðfesti, að rétt væri farið með í einu og öllu í kærú skipherrans.

Ákærði kannaðist við að hafa verið á umræddu svæði á nefndum tíma. Hafi hann talið sig vera þarna í fullum rétti, þar sem hann hafi skilið frétt Morgunblaðsins 17. mars sl. þannig, að togbátar mættu vera á veiðum til hádegis. Hafi slík regla gilt í fyrra.

Ákærði kvað varðskipið hafa verið á svæðinu um kl. 2 um nóttina og þá látið reka og komið síðan aftur um kl. 9 um morguninn.

Með framburði ákærða sjálfs og vætti vitna svo og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um fiskveiðibrot það, sem lýst er í ákæru og þar er fært til réttra lagaákvæða.

Skv. skipaskrá er m.b. Jón Gunnlaugs GK 444, 105 brúttórúmllestir og 27,86 metrar á lengd.

Gullgildi íslenskrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 1.840,96 krónum.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að refsing hans verði felld niður, til vara, að framkvæmd refsingar hans verði frestað skilorðsbundið í lágmarkstíma, og til þrautavara, að dæmd verði lágmarksrefsing. Hafi hér alls ekki verið um ásetningarbrot að ræða, heldur hafi það orðið af afsakanlegum misskilningi ákærða.

Ákærði hlaut samkv. sakavottorði 48 þús. kr. sekt fyrir brot g. 12. sbr. 18. gr. laga nr. 81/1976 og reglugerð um möskvastærðir með dómsátt 9.3. 1984. Öðrum refsingum, sem hér kunna að skipta máli, hefur hann ekki sætt.

Refsing ákærða samkv. framangreindum refsíákvæðum og með vísan til fyrra fiskveiðibrots hans þykir hæfilega ákveðin 100.000,00 kr. sekt í Landhelgisjód Íslands, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingunni.

Samkv. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 er upptækur til Landhelgisjóðs Íslands allur aflí m.b. Jóns Gunnlaugs GK 444, í framannefndri veiðiferð svo og veiðarfæri hans.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 2.500,00.

## D ó m s o r ð:

Ákærði Benóný Guðjónsson greiði sekt kr. 100.000,00 í Landhelgis-sjóð Íslands, og komi varðhald í 75 daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Öll veiðarfæri m.b. Jóns Gunnlaugs GK 444, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands svo og allur afli veiðiferðar bátsins er lauk 9. apríl 1985.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 2.500,00.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 209/1985. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Hrólfí Ólafssyni**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fiskveiðibrot. Lögvilla.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinum áfrýjaða dómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða 3. maí 1985, en af hálfu ákæruvalds er málinu einnig áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 24. október 1985.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna samkvæmt ratsjarmælingum þeirra við hlið v/b Hauks Böðvarssonar ÍS 847, kl. 1040. Í greinar-gerð skólastjórans, dags. 9. desember 1985, segir svo:

„Einnig hefi ég sett út lóranathugun varðskipisins, sem var gerð samtímis og athugun með miðun og fjarlægð til Stafness kl. 1040